

AUGLÝSING

um staðfestingu á ákvörðun Umhverfisstofnunar um áframhaldandi takmarkanir á umferð í hella í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit.

Samkvæmt 25. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlindaráðherra staðfest ákvörðun Umhverfisstofnunar dags. 31. ágúst 2021, um áframhaldandi takmarkanir á umferð í hella í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit. Ákvörðun Umhverfisstofnunar er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Ákvörðunin skal endurmetin árlega.

Ákvörðunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 17. september 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN

Umhverfisstofnunar um framlengingu á ákvörðun um takmörkun á umferð í hella í Þeistareykjahrauni.

10. september 2021

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að ákvörðun stofnunarinnar dags. 7. júlí 2020 um takmörkun á umferð í hella í Þeistareykjahrauni í Þingeyjarsveit, sem staðfest var af ráðherra þann 31. ágúst 2020 og birt var með auglýsingu nr. 888/2020 í B-deild Stjórnartíðinda sama dag skuli gilda áfram í eitt ár þar sem að ekki hefur tekist að friðlýsa hellana á þeim tíma sem ákvörðun um takmakaðan aðgang hefur verið í gildi.

Ákvörðunin skal endurmetin að ári skv. 25. gr. laga nr. 60/2013.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar ráðherra hefur staðfest hana.

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2021